

Lestraráttak Ævars vísindamanns 1. janúar – 1. mars 2019

NEMANDI Í 1.-10. BEKK:

1. Lestu það sem þig langar til að lesa.
2. Þú mátt lesa hvaða bók sem er.
3. Á hvaða tungumáli sem er.
4. Hljóðbækur, eða ef einhver les fyrir þig, teljast líka með sem lesin bók.

Fyrir hverjar þrjár bækur sem þú lest fyllir þú út lestrarmiða sem má annað hvort prenta út [hér](#) eða á næsta skólabókasafni og skilur svo eftir á næsta skólabókasafni. Ef skólinn þinn er ekki að taka þátt getur þú tekið þátt sjálf/ur og sent miðana til Heimilis og skóla í lok átaksins. Því meira sem þú lest - því fleiri miða áttu í pottinum.

Fimm krakkar verða dregnir úr lestrarmiðapottinum og gerðir að persónum í síðustu bókinni um Bernskubrek Ævars vísindamanns. Takið líka eftir þessum tveimur nýju reglum:

1. Sá skóli sem les hlutfallslega mest verður settur í bókina. Þegar áttakinu lýkur bið ég þá skóla sem taka þátt að láta fylgja með lestrarmiðasendingunni skrá yfir fjölda miða frá skólanum ásamt nemendafjölda skólans.
2. Ég mun draga einn nemenda úr hverjum einasta skóla sem tekur þátt og mun hann eða hún fá sérstaka bókagjöf frá mér. Þetta þýðir að það verður allavega einn sigurvegari í hverjum einasta skóla.

FORELDRI EÐA FORRÁÐAMAÐUR:

1. Lestu það sem þig langar til að lesa.
2. Þú mátt lesa hvaða bók sem er.
3. Á hvaða tungumáli sem er.
4. Hljóðbækur, eða ef einhver les fyrir þig, teljast líka með sem lesin bók.

Fyrir hverjar þrjár bækur sem þú lest fyllir þú út lestrarmiða finna má [hér](#). Miðunum má skila með lestrarmiðum krakka inn á næsta skólabókasafn, en einnig er hægt að senda miðana í lok átaksins til Heimilis og Skóla, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Því meira sem þú lest - því fleiri miða áttu í pottinum. Eitt foreldri verður dregið úr lestrarmiðapottinum og gert að persónu í síðustu bókinni um Bernskubrek Ævars vísindamanns.

Takið eftir því að ömmur og afar eru að sjálfsögðu foreldrar líka og geta þess vegna tekið þátt.

GÓÐA SKEMMTUN!